

Forsætisráðherra
Katrín Jakobsdóttir
Arnarhvoli
Reykjavík

Reykjavík 16. desember 2019

Forsætisráðuneytið			
Málsnr.	FOR 19080015	Ábm.	BA
Db.	11.8	Aðrir	
Mótt.	18.12. 2019	Svarfr.	
Aths.		LVM	

Efni: Niðurstaða hæfnisnefndar vegna skipunar varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika

Fjármála- og efnahagsráðherra skipaði undirrituð í hæfnisnefnd vegna skipunar varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika hinn 12. nóvember 2019.

Nefndin hefur unnið samkvæmt þeim fyrirmælum sem koma fram í skipunarbréfi ráðherra, bréfi um skipunarferlið frá forsætisráðuneytinu sem dagsett er 11. nóvember 2019, lögum nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands, reglum nr. 977/2019, um störf hæfnisnefnda vegna skipunar seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra og stjórnarsýslulögum nr. 37/2019.


Nefndin tók saman greinargerð með sínum niðurstöðum sem hún skilar hér með til ráðherra.

Virðingarfyllst,


Vilhjálmur Egilsson



Ásta Dís Óladóttir


Jacqueline Clare Mallett

Greinargerð

hæfnisnefndar skv. 7. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands um hæfni
umsækjenda um embætti varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika
sem auglýst var laust til umsóknar 3. október 2019.

Reykjavík 16. desember 2019

1. Inngangur

Með bréfi dags. 12. nóvember 2019 fól fjármála- og efnahagsráðherra hæfnisnefnd að leggja mat á hæfni umsækjenda um embætti varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika sem auglýst var laust til umsóknar 3. október 2019, í samræmi við 7. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands, sbr. 7. gr. laga nr. 117/2019, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum vegna sameiningar Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins.

Hæfnisnefndina skipa Dr. Ásta Dís Óladóttir, lektor við Háskóla Íslands, tilnefnd af samstarfsnefnd háskólastigsins, Dr. Jacqueline Clare Mallett, lektor við Háskólann í Reykjavík, tilnefnd af bankaráði Seðlabanka Íslands og Dr. Vilhjálmur Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst, sem skipaður er án tilnefningar og er jafnframt formaður.

Um embætti varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika sóttu tíu manns: Arnar Bjarnason, Ásdís Kristjánsdóttir, Gunnar Jakobsson, Guðrún Johnsen, Haukur C. Benediktsson, Jón Þór Sturluson, Krístrún Heimisdóttir, Óttar Guðjónsson, Tómas Brynjólfsson og Yngvi Örn Kristinsson. Haukur C. Benediktsson dró umsókn sína til baka og lagði nefndin því ekki mat á hæfni hans.

Greinargerð nefndarinnar um þessa umsækjendur fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Forsætisráðherra auglýsti embætti varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika laust til umsóknar 3. október 2019. Auglýsingin var svohljóðandi:

Forsætisráðuneytið auglýsir

embætti varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika laust til umsóknar.

Forsætisráðherra skipar varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika Seðlabanka Íslands til fimm ára í senn, sbr. 1. mgr. 4. gr. og ákvæði til bráðabirgða I, í lögum nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands, sbr. 7. gr. laga nr. 117/2019. Aðeins er hægt að skipa sama einstakling varaseðlabankastjóra tvisvar sinnum.

Umsækjendur skulu hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi og búa yfir viðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi auk þess að uppfylla önnur skilyrði samkvæmt 4. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2019 og 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Að auki verða eftirfarandi hæfnisviðmið lögð til grundvallar:

- Þekking á helstu viðfangsefnum á sviði fjármálastöðugleika
- Þekking á laga- og regluumhverfi á sviði fjármálastöðugleika
- Færni til að tjá sig skipulega í ræðu og riti bæði á íslensku og ensku
- Reynsla af alþjóðlegu samstarfi
- Reynsla af stjórnun og hæfileikar á því sviði
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Í umsókn um embættið skal greina frá nafni, kennitölu og heimilisfangi umsækjanda auk þess sem veita skal ítarlegar upplýsingar um menntun viðkomandi, starfsferil og reynslu.

Um laun og önnur starfskjör fer eftir ákvæðum laga um launa- og starfskjör varaseðlabankastjóra, sbr. 5. gr. laga nr. 92/2019.

Fjármála- og efnahagsráðherra mun skipa þriggja manna nefnd er hefur það hlutverk að leggja mat á hæfni umsækjenda um embættið. Verður einn nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, einn samkvæmt tilnefningu bankaráðs Seðlabanka Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Umsóknarfrestur er til og með 24. október 2019. Vinsamlega sendið umsóknir og starfsferilskrár til forsætisráðuneytisins, Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg, eða á netfang ráðuneytisins postur@for.is. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins.

Í forsætisráðuneytinu, 3. október 2019.

Hinn 6. nóvember 2019 setti forsætisráðherra reglur um störf ráðgefandi nefnda er fjalla um hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra. Reglurnar eru númer 977/2019.

Í framhaldi af birtingu reglnanna í Stjórnartíðindum sendi forsætisráðuneytið bréf til fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna skipunar varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika. Í því er m.a. rakinn sá ferill sem fylgja ber í aðdraganda skipunar varaseðlabankastjóra.

Í bréfi forsætisráðuneytisins er áætlaður skipunarferill settur fram á eftirfarandi hátt:

1. Auglýsing birt í Lögbirtingablaðinu og á Starfatorgi 3. október 2019 og síðan í dagblöðum, laugardaginn 5. október.
2. Umsóknarfrestur gefinn til 24. október. Forsætisráðherra sendir fjármála- og efnahagsráðherra lista með umsækjendum strax að umsóknarfresti liðnum, sem og umsóknargögn með rafrænum hætti í gegnum málaskrá ráðuneytanna.
3. Fjármála- og efnahagsráðherra skipar hæfnisnefnd, sbr. 7. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2019, sbr. eftirfarandi ferli:
 - Fjármála- og efnahagsráðherra óskar eftir tilnefningu í hæfnisnefndina hjá samstarfsnefnd háskólastigsins og bankaráði Seðlabanka Íslands.
 - Forsætisráðuneytið gefur út reglur um störf ráðgefandi nefnda er fjalla um hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra.
 - Fjármála- og efnahagsráðherra óskar eftir því að væntanlegir nefndarmenn í hæfnisnefnd meti hæfi sitt m.a. með tilliti til umsækjenda.
 - Fjármála- og efnahagsráðherra skipar hæfnisnefnd formlega með bréfi. Með bréfinu fylgi reglur um störf hæfnisnefnda.
 - Hæfnisnefnd gefur umsækjendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við hæfi nefndarmanna.
 - Komi fram athugasemd við hæfi nefndarmanns taka aðrir meðlimir nefndarinnar afstöðu til hæfis viðkomandi og tilkynnir síðan umsækjendum um niðurstöðuna með rökstuðningi í stuttu máli. Vinna nefndarinnar stöðvast á meðan þetta ferli er í gangi hjá nefndinni.

- Reynist nefndarmaður vanhæfur til setu í nefndinni skipar fjármála- og efnahagsráðherra nýjan í hans stað að fenginni nýrri tilnefningu ef við á.
 - Áætla þarf hæfilegan starfstíma fyrir nefndina með hliðsjón af fjölda umsækjenda og mögulegri málsmeðferð vegna meints vanhæfis nefndarmanns.
 - Þegar drög að greinargerð hæfnisnefndar liggja fyrir sendir nefndin drögin á alla umsækjendur og gefur þeim hæfilegan frest til að koma á framfæri athugasemdum.
 - Komi fram athugasemdir tekur nefndin greinargerðina til endurskoðunar með hliðsjón af framkomnum athugasemdum, telji hún tilefni til.
 - Endanleg greinargerð hæfnisnefndar, ásamt andmælum og athugasemdum umsækjenda og öðrum gögnum sem orðið hafa til í starfi hæfnisnefndar, eru send forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra.
 - Fjármála- og efnahagsráðherra sendir forsætisráðherra tilnefningu um þann umsækjenda sem hann metur hæfastan til að fá skipun í embættið ásamt rökstuðningi og þeim viðbótargögnum sem orðið hafa til við meðferð málsins hjá fjármála- og efnahagsráðherra.
 - Tilnefning fjármála- og efnahagsráðherra er ígildi stjórnvaldsákvörðunar þar sem ákvörðun um tilnefningu hefur veigamikla þýðingu fyrir lokaákvörðun í málinu og því rétt að fjármála- og efnahagsráðherra fylgi málsmeðferðar- og efnisreglum stjórnisýsluréttar við meðferð málsins.
4. Málsmeðferð forsætisráðherra að fenginni niðurstöðu hæfnisnefndar og tilnefningu fjármála- og efnahagsráðherra.
- Forsætisráðherra kannar hvort málsmeðferðarreglum stjórnisýsluréttar hafi verið fylgt við rannsókn málsins á fyrri stigum.
 - Niðurstaða greinargerðar hæfnisnefndar er einungis ráðgefandi og tilnefning fjármála- og efnahagsráðherra ekki formlega bindandi fyrir forsætisráðherra enda þótt litið verði svo á að nokkuð mikið þurfi að koma til til að vikið verði fram hjá henni.
 - Forsætisráðherra leggur sjálfstætt mat á hæfni umsækjenda með hliðsjón af greinargerð hæfnisnefndar, röksemdum fjármála- og efnahagsráðherra og eftir atvikum athugasemdum sem borist hafa frá umsækjendum. Til athugunar getur komið að forsætisráðherra gefi umsækjendum tækifæri til að koma á framfæri andmælum við tilnefningu fjármála- og efnahagsráðherra og taki viðtöl við þá umsækjendur sem hæfastir eru taldir.
 - Forsætisráðherra skipar í embætti varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika.

Í skipunarbréfi fjármála- og efnahagsráðherra til fulltrúa í hæfnisnefndinni, dags. 12. nóvember 2019, kemur m.a. fram að „Nefndinni er falið að leggja mat á hæfni umsækjenda í samræmi við þá málsmeðferð sem kemur fram í reglum nr 977/2019, um störf ráðgefandi nefnda er fjalla um hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra. Skv. 3. gr. reglnanna er verkefni hæfnisnefndar að leggja mat á hæfni umsækjenda til að hljóta skipun í viðkomandi embætti miðað við lögbundin hæfnisskilyrði og önnur hæfnisviðmið sem tilgreind eru í auglýsingu um embættið og styrkja þannig faglegan grundvöll að skipun ráðherra í embættið.“

Þá kemur jafnframt fram í skipunarbréfinu „Ráðuneytið vill áréttta að það hefur hvorki lagt mat á það hvort umsækjendur uppfylli þau skilyrði 3. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2019, að hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi og búi yfir viðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi né hvort þeir uppfylli skilyrði 4. mgr. sömu greinar í sömu lögum, um að þeir séu lögráða og hafi aldrei verið sviptir forræði á búi sínu, þeir hafi gott orðspor og hafi ekki í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm dóm fyrir refsiverðan verknað

samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða gjaldþrot eða þeim sérlögum sem gilda um eftirlitsskylda aðila.“

Í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands segir að varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika skuli hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi og búa yfir viðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi. Í 4. mgr. sömu greinar segir jafnframt að seðlabankastjóri og varaseðlabankastjórar skuli vera lögráða og megi aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Þeir skuli hafa gott orðspor og megi ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða gjaldþrot eða þeim sérlögum sem gilda um eftirlitsskylda aðila. Lög nr. 92/2019 taka gildi 1. janúar 2020 en í ákvæði til bráðabirgða I við lögina segir að ráðherra sé heimilt að auglýsa og skipa varaseðlabankastjóra fyrir 1. janúar 2020. Með 7. gr. laga nr. 117/2019 var lögfest viðbót við ákvæði til bráðabirgða I þess efnis að fari skipun fram fyrir 1. janúar 2020 skuli hún fara fram í samræmi við 4. gr. laga nr. 92/2019 og að heimild forsætisráðherra til að gefa út reglur um hæfi nefndarmanna í hæfnisnefndum og um málsmeðferð öðlist gildi strax.

Í auglýsingu forsætisráðherra um embættið er jafnframt gerð sú krafa að umsækjendur uppfylli skilyrði 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Almenn skilyrði til að fá skipun eða ráðningu í starf eru þessi:

1. Átján ára aldur,
2. Lögræði,
3. Nauðsynleg heilbrigði, andleg og líkamleg, til þess að gegna þeim starfa sem hverju sinni er um að ræða,
4. Almenn menntun og þar að auki sú sérmenntun sem lögum samkvæmt er krafist eða eðli málsins samkvæmt verður að heimta til óaðfinnanlegrar rækslu starfans.
5. Fjárforræði, ef starfi fylgja fjárreiður, svo sem gjaldkera- eða innheimtustörf, eða ef svo er fyrir mælt í lögum eða sérstök ástæða þykir til að gera þá kröfu.

Hafi umsækjandi um starf hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga, og telst hann ekki fullnægja starfsskilyrðum.

3. Málsmeðferð

Hæfnisnefndin hélt sinn fyrsta fund 15. nóvember 2019. Á þeim fundi afhentu starfsmenn fjármála- og efnahagsráðuneytisins nefndinni öll fyrirliggjandi gögn um málið auk þess sem farið var yfir það verklag sem viðhafa ber við vinnu nefndarinnar, sbr. umfjöllun í kafla 2. Á fundinum settu nefndarmenn saman verkáætlun fyrir starfið og fundartímar voru ákveðnir.

Með tölvupósti 15. nóvember 2019 ritaði fjármála- og efnahagsráðuneytið umsækjendum tölvubrэф, fyrir hönd hæfnisnefndarinnar, þar var umsækjendum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við hæfi nefndarmanna. Með sama tölvupósti voru umsækjendum sendar reglur nr. 977/2019, um störf ráðgefandi nefnda er fjalla um hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra. Umsækjendum var sérstaklega bent á að skv. 3. mgr. 2. gr. reglnanna væri þeim gefinn kostur á að koma á

framfæri athugasemdir við hæfi nefndarmanna og að um hæfi þeirra færi samkvæmt II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Frestur til að gera athugasemdir var veittur til loka þriðjudagsins 19.nóvember 2019. Engar athugasemdir bárust frá umsækjendum um hæfi nefndarmanna.

Nefndin hafði vinnuaðstöðu í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og fundaði alls sjö sinnum á tímabilinu 15. nóvember til 16. desember 2019.

Starfsmenn ráðuneytisins, þau Guðrún Þorleifsdóttir skrifstofustjóri og Benedikt Hallgrímsson lögfræðingur, aðstoðuðu nefndina í störfum sínum með því að annast ritun fundargerða, samskipti við umsækjendur og vinnu að drögum að greinargerð að öðru leyti en því sem sneri að mati á hæfni umsækjenda. Þau tóku ekki þátt í viðtölum við umsækjendur, en Guðný Elísabet Ingadóttir, mannauðsstjóri í samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytinu, ritaði fundargerð af þeim fundi.

Nefndin ákvað að bjóða öllum umsækjendum að mæta í viðtal til nefndarinnar og þáðu þeir allir það boð. Lagðar voru spurningar fyrir umsækjendur sem snerust um þekkingu á lögbundnum verkefnum Seðlabankans og atriðum sem varða hæfnisskilyrði laga. Inntak spurninganna til umsækjendanna snérist um orðspor, stjórnunarreynslu, reynslu af krefjandi aðstæðum á starfsferli og heilsufarsleg atriði auk könnunar á þekkingu á viðfangsefninu og getu til að tjá sig á íslensku og ensku.

Við mat á hæfni umsækjenda var höfð hliðsjón af þeim upplýsingum og gögnum sem komu fram í umsóknum þeirra og í viðtölum sem tekin voru við þá. Viðfangsefni nefndarinnar var að meta hæfni umsækjenda á þann hátt hvort umsækjendur gætu talist hæfir, vel hæfir eða mjög vel hæfir. Nefndin setti fram viðmiðanir fyrir einstaka matsþætti sem niðurstöður byggðust á.

Nefndin leit ekki svo á að vinna hennar væri viðfangsefni þar sem einstökum matsþáttum og hæfnismati í hverjum þeirra væri gefið tölulegt vægi eða gildi heldur byggt á heildaryfirsýn og einstökum matsþáttum eins og við getur átt.

Umsækjendum var gefinn kostur á að gera athugasemdir við drög að greinargerð nefndarinnar og bárust henni athugasemdir frá átta umsækjendum. Nefndin gerði í framhaldi af þeim tvær breytingar á fyrra mati sínu.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður reifað stutt ágríp um menntun, starfsferil, reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og fjármálastöðugleika auk stjórnunarreynslu hvers umsækjenda um sig. Í 5. kafla er síðan að finna mat nefndarinnar á umsækjendum og samanburð á hæfni þeirra á grundvelli þeirra sjónarmiða sem reifuð eru hér að framan í kafla 2. Upplýsingar þær sem hér er að finna eru byggðar á umsóknum og viðtölum við umsækjendur. Nefndin hefur ekki staðreynt sérstaklega prófgráður umsækjenda. Nefndin leggur áherslu á að ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið upp í umsóknum, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna sem falla undir framangreind hæfnisskilyrði.

Arnar Bjarnason er fæddur 1958. Hann lauk Cand. oecón. frá Háskóla Íslands árið 1985, MBA námi frá Aston háskóla í Birmingham árið 1987 og Ph.D. á sviði viðskipta frá háskólanum í Edinborg árið 1994. Arnar hlaut löggildingu sem verðbréfamiðlari árið 2001.

Arnar starfaði við endurskoðun hjá IBM á Íslandi á árunum 1984 og 1985, sem fjármálastjóri hjá Úrval Útsýn á árunum 1985 og 1986 og fjármálastjóri hjá Bílaborg hf. á árunum 1987 og 1988. Haustið 1988 hóf Arnar störf sem framkvæmdastjóri alþjóðadeildar Verzlunarbanka Íslands, síðar sem forstöðumaður í alþjóðadeild eftir að bankinn sameinaðist þremur öðrum bönkum undir nafni Íslandsbanka. Þar starfaði Arnar þar til hann fór í doktorsnám haustið 1990, en hann sinnti einnig stundakennslu á árunum 1992 og 1993. Á árunum 1994 til 1997 starfaði Arnar hjá Ferðaskrifstofu Íslands og sinnti stundakennslu við Viðskipta- og hagfræðideild og Sjávarútvegsstofnun Háskóla Íslands. Arnar var framkvæmdastjóri hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis á árunum 1997 til 2002, og framkvæmdastjóri fjármálasviðs hjá sama sparisjóði á árunum 2002 til 2004. Á árunum 2005 til 2008 var Arnar prófessor í fjármálum og alþjóðaviðskiptum við Háskólann á Bifröst. Frá mars 2007 til desember sama árs starfaði Arnar sem aðstoðarframkvæmdastjóri MP Banka. Frá árinu 2008 hefur Arnar sem eigandi stýrt ráðgjafafyrirtækinu Reykjavík Capital ehf. Arnar hefur starfað sem lektor í alþjóðaviðskiptum og fjármálum við Viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri frá árinu 2018.

Arnar hefur setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja, þar á meðal BYR Sparisjóðs, Matís ohf. og Landsvirkjunar. Arnar hefur ritað fræðigreinar og gefið út bók um sjávarútveg og útflutning á sjávarafurðum. Þá hefur hann verið prófdómari í meistararitgerðum við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Í umsókn Arnars er gerð grein fyrir ástæðum þess að hann sækir um stöðu varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika og færni hans og hæfni til að gegna stöðunni. Með umsókn Arnars fylgdi kynningarbréf, ferilskrá og akademísk ferilskrá.

Ásdís Kristjánsdóttir er fædd 1978. Hún lauk B.Sc. í véla og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands árið 2002 og MS í hagfræði frá sama skóla árið 2005. Ásdís hlaut löggildingu í verðbréfaviðskiptum árið 2010.

Á árunum 2002 til 2004 starfaði Ásdís sem viðskiptastjóri hjá Lánstrausti hf. Hún starfaði hjá fjármálaráðuneytinu árið 2005 en hóf störf sama ár sem efnahagsgreinandi hjá greiningardeild Kaupþings, síðar Arion banka. Á árunum 2011 til 2013 veitti hún greiningardeild Arion banka forstöðu. Frá árinu 2013 hefur Ásdís starfað sem forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins. Ásdís hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum. Til dæmis sat hún í samráðsvettvangi um aukna hagsæld árið 2013 og verkefnastjórn forsætisráðuneytisins um endurskoðun íslenskrar peningastefnu á árunum 2017 og 2018. Þá situr hún í stjórn Arctic Adventure ehf.

Í umsókn Ásdísar er gerð grein fyrir ástæðum þess að hún sækir um stöðu varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika og færni hennar og hæfni til að gegna stöðunni. Með umsókn Ásdísar fylgdi kynningarbréf og ferilskrá.

Gunnar Jakobsson er fæddur 1970. Hann lauk Cand.jur. frá Háskóla Íslands árið 1995 og MBA frá Yale háskóla árið 2001. Þá hlaut hann CFA-réttindi frá CFA-stofnuninni í Charlottesville í Virginíu árið 2006.

Gunnar starfaði sem lögfræðingur í uppboðsdeild hjá Sýslumanninum í Reykjavík árið 1995 en seinna sama ár hóf hann störf sem héraðsdómslögmaður hjá Lögmannsstofunni Síðumúla 9. Á árunum 1997 til 1999 starfaði hann sem lögfræðingur á nefndasviði Alþingis,

m.a. sem ritari efnahags- og viðskiptanefndar. Gunnar hóf störf hjá fjárfestingabankanum Goldman Sachs & Co. sumarið 2000 og starfar þar enn í dag, fyrst í New York en frá árinu 2018 í London. Fyrsta árið var Gunnar fulltrúi á rekstrarsviði bankans. Á árunum 2001 til 2004 var Gunnar fulltrúi og síðar yfirmaður á rekstrarsviði bankans. Á árunum 2006 til 2008 yfirmaður á rekstraráhættusviði bankans, á árunum 2006 til 2008 yfirmaður og rekstrarstjóri áhættusviðs eignastýringar, rekstrar- og starfsmannastjóri markaðsáhættusviðs á árunum 2008 til 2012, framkvæmdastjóri rekstrardeildar markaðsáhættusviðs á árunum 2012 til 2015 og framkvæmdastjóri lausafjársviðs áhættustýringar á árunum 2015 til 2018. Frá árinu 2018 hefur Gunnar gegnt stöðu framkvæmdastjóra lausafjársviðs og persónuverndar fyrir Goldman Sachs International í London. Gunnar var stundakennari í almenntri lögfræði á árunum 1995 til 1998 við Lagadeild Háskóla Íslands. Þá sat hann í stjórn The Risk Management Association árin 2017 til 2019.

Með umsókn Gunnars fylgdi ferilskrá og kynningarbréf þar sem hann gerir grein fyrir færni sinni og hæfni til að gegna stöðu varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika.

Guðrún Johnsen er fædd 1973. Hún lauk BA í hagfræði, með áherslu á fjármál og lögfræði sem aukagrein frá Háskóla Íslands árið 1999, MA í tölfræði og hagnýtri hagfræði frá háskólanum í Michigan árið 2003 og Ph.D. í fjármálhagfræði frá École Normale Supérieure í París árið 2019.

Guðrún var lektor á árunum 2013 til 2018, fyrst við Viðskiptadeild HR og frá 2013 í fjármálum við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Jafnframt var hún stundakennari og rannsakandi við Lagadeild Oslóarháskóla á árunum 2013 til 2017. Áður en hún hóf kennslu starfaði hún sem sérfræðingur í sjóðsstýringu hjá Norræna fjárfestingabankanum 1998 til 1999, verðbréfamiðlari hjá Fjárfestingabanka atvinnulífsins 1999 til 2001, sérfræðingur hjá Rand Corporation í Kaliforníu 2003 til 2004 og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum 2004 til 2006. Guðrún var hagfræðingur hjá rannsóknarnefnd Alþingis um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða á árunum 2009 og 2010. Guðrún hefur setið í ýmsum stjórnnum og nefndum. Hún var varamaður í stjórn Bankasýslu ríkisins 2009 til 2010. Á árunum 2010 til 2017 var Guðrún varaformaður stjórnar Arion banka. Þá var hún formaður í starfskjaranefnd bankans á árunum 2010 til 2017, formaður lánanefndar árið 2017 og sat í endurskoðunar- og áhættunefnd bankans 2010 til 2017. Árið 2014 sat Guðrún í ráðgjafarráði stjórnmalaflokkanna um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands.

Ferilskrá Guðrúnar inniheldur upplýsingar um fjölmörg ritrýnd ritverk hennar, yfirlit yfir fyrirlestra sem hún hefur haldið og ýmsa rannsóknarstyrki sem hún hefur hlotið. Með umsókn hennar fylgdi bréf þar sem farið er yfir menntun og þekkingu Guðrúnar á fjármálastarfsemi og sýn hennar á starf varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika. Þá fylgdu umsókninni tvær rannsóknaritgerðir á sviði fjármálastöðugleika og útdráttur úr doktorsritgerð hennar.

Jón Þór Sturluson er fæddur árið 1970. Hann lauk B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands árið 1994, MS í hagfræði frá sama skóla árið 1998 og doktorsprófi í hagfræði frá Viðskiptaháskólanum í Stokkhólmi árið 2003.

Meðfram námi starfaði Jón meðal annars hjá Hagfræðistofnun auk aðstoðarkennslu við Hagfræðideild Háskóla Íslands og Viðskiptaháskólann í Stokkhólmi. Árið 2004 varð hann dósent og forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar við Háskólann á Bifröst þar til hann varð dósent og forstöðumaður meistaranáms í fjármálum og reikningshaldi við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík árið 2006. Ári síðar varð Jón aðstoðarmaður viðskiptaráðherra og gegndi því starfi til ársbyrjunar 2009 þegar hann sneri aftur til fyrri starfa við Háskólann í Reykjavík. Árið 2013 var Jón ráðinn aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins og gegnir hann því starfi í dag samhliða því að vera dósent í hlutastarfi við Háskólann í Reykjavík. Frá hausti 2019 hefur Jón verið í gestastöðu við Fjármálastöðugleikastofnun Alþjóðagreiðslubankans í Basel.

Jón hefur gegnt ýmsum ábyrgðarstörfum, meðal annars setið í bankaráði Seðlabanka Íslands árin 2005 til 2007, verkefnastjórn um peningastefnu, þjóðhagsvarúð og fjármálaeftirlit árin 2018 og 2019, nefnd um skoðun á kostum og göllum við aðskilnað viðskiptabanka- og fjármálastarfsemi árið 2017 og kerfisáhættunefnd frá árinu 2014. Jón hefur tekið virkan þátt í nokkrum stjórnnum og nefndum á alþjóðavettvangi fyrir hönd Fjármálaeftirlitsins. Má þar nefna stjórn Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, Evrópska kerfisáhætturáðið, samráðsnefnd Evrópuríkja gagnvart fjármálastöðugleikaráði G20 ríkjanna, Norræna-baltneska þjóðhagsvarúðarvettvanginn og Norræna-baltneska fjármálastöðugleikahópinn.

Með umsókn Jóns fylgdi ferilskrá með upplýsingum um menntun, starfsferil og yfirlit yfir valdar fræðigreinar og bækur sem hann hefur ritað. Þá fylgdi umsókninni bréf þar sem farið var yfir færni Jóns og hæfni til að gegna stöðu varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika og sýn hans á helstu verkefni þess sem skipaður verður til starfans.

Kristrún Heimisdóttir er fædd árið 1971. Hún lauk Cand.jur. frá Háskóla Íslands árið 1998 og hefur lagt stund á doktorsnám við lagadeild Columbia háskóla frá árinu 2015.

Kristrún starfaði hjá umboðsmanni Alþingis á árunum 1998 og 1999 auk þess að starfa um fjögurra mánaða skeið hjá umboðsmanni barna undir lok árs 1999. Hún var framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar á árunum 1999 til 2001 og lögfræðingur Samtaka iðnaðarins á árunum 2002 til 2006. Á árunum 2002 til 2004 kenndi Kristrún almenna lögfræði við Lagadeild Háskólans á Akureyri sem aðjúnkt. Hún var fulltrúi hjá LEX lögmannsstofu um fjögurra mánaða skeið í ársbyrjun 2007, eða þar til hún var ráðin aðstoðarmaður utanríkisráðherra í maí það ár. Árið 2009 gerðist Kristrún lögfræðilegur ráðgjafi félagsmálaráðherra og ári síðar aðstoðarmaður efnahags- og viðskiptaráðherra. Á árunum 2012 til 2014 gegndi hún stöðu lektors í lögfræði við Háskólann á Akureyri, en frá 2014 hefur hún kennt þar einstök námskeið sem gestalektor. Á árunum 2013 og 2014 var Kristrún framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. Kristrún var varaþingmaður fyrir Samfylkinguna á árunum 2003 til 2009 og tók þrisvar sæti á Alþingi.

Kristrún hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum. Hún var meðal annars varamaður í bankaráði Seðlabanka Íslands á árunum 2003 til 2007, sat í stjórnarskrárnefnd á árunum 2005 til 2007, kærunefnd greiðsluaðlögunar á árunum 2011 til 2014, stjórn Íbúðalánasjóðs á árunum 2012 til 2014, stjórn HB Granda hf., síðar Brim hf., á árunum 2017 til 2019 og stjórn Samtaka sparifjáreigenda frá árinu 2014. Þá er hún varamaður í stjórn Bankasýslu ríkisins. Kristrún sat í starfshópi um EES samstarfið sem skilaði skýrslu í október 2019.

Kristrún hefur ritað fræðigreinar á sviði lögfræði ásamt því að hafa ritað greinar í dagblöð um ýmis efni og haldið fyrirlestra á innlendum og erlendum vettvangi. Með umsókn Kristrúnar fylgdi ferilskrá með upplýsingum um menntun, starfsferil, yfirliti yfir félags- og trúnaðarstörf, ritstörf og opinbera fyrirlestra. Umsókninni fylgdi einnig bréf þar sem farið er yfir færni hennar og hæfni til að gegna starfinu.

Óttar Guðjónsson er fæddur árið 1967. Hann lauk B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands árið 1992, MS í hagfræði frá sama skóla árið 1995 og M.Sc. í fjármálum frá London Business School 1997. Óttar hlaut löggildingu í verðbréfamiðlun í London árið 1998 og á Íslandi árið 2001 og CFA réttindi í London 2003.

Á árunum 1990 til 1993 starfaði Óttar meðfram námi hjá Vinnuveitendasambandi Íslands og Kaupþingi hf. Árið 1993 varð Óttar sjóðstjóri lífeyrissjóða hjá Landsbréfum hf. Ári síðar varð hann forstöðumaður eigin viðskipta hjá sama fyrirtæki og gegndi því starfi til ársins 1996. Óttar starfaði sem miðlari hjá SEB bankanum í London á árunum 1997 til 2000 þegar hann hóf störf sem forstöðumaður eignastýringar hjá R. Raphael & Sons plc. í Aylesbury, Englandi. Ári síðar tók hann við stöðu framkvæmdastjóra verðbréfasjóða hjá Kaupþingi hf. og gegndi því starfi til 2003. Á árunum 2003 til 2008 starfaði Óttar hjá Glitni banka, fyrst sem forstöðumaður afleiðudeilda markaða og síðar sem forstöðumaður hjá fjárstýringu. Frá árinu 2008 hefur Óttar starfað sem framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. Frá árinu 2016 hefur Óttar sinnt stundakennslu við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.

Með umsókn Óttars fylgdi ferilskrá með upplýsingum um menntun hans og starfsferil, auk bréfs þar sem farið er yfir hæfni hans og ástæður þess að hann sækist eftir starfinu.

Tómas Brynjólfsson er fæddur 1980. Hann lauk BA í alþjóðasamskiptum, stjórn málafræði, sögu og hagfræði frá háskólanum í Georgíu árið 2002, MS í hagfræði frá Háskóla Íslands árið 2003 og M.Sc. í alþjóðasamskiptum frá London School of Economics árið 2004.

Tómas var í starfsþjálfun hjá Center for International Trade and Security í Georgíufylki í Bandaríkjum á árunum 2001 til 2002 og hjá Atlantshafsbandalaginu í Brussel sumarið 2002. Á árunum 2004 til 2007 starfaði hann sem sérfræðingur á skrifstofu Alþingis og sem sérfræðingur hjá greiningardeild Landsbanka Íslands á árunum 2007 til 2008. Tómas starfaði á árunum 2008 til 2013 sem sérfræðingur og síðar staðgengill skrifstofustjóra hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu við eftirfylgni með efnahagsáætlun stjórnvalda og greiningar á efnahagsmálum og samspili hagstjórnartækja. Á árunum 2011 til 2013 hafði hann starfstöð í Brussel. Tómas var skipaður skrifstofustjóri skrifstofu efnahagsmála og fjármálamarkaða árið 2013 og gegndi því starfi til ársins 2015 þegar hann var ráðinn sem yfirmaður skrifstofu þjónustuviðskipta á skrifstofu EFTA í Brussel. Hann sneri aftur til Íslands árið 2018 þegar hann var skipaður skrifstofustjóri skrifstofu efnahagsmála í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, sem hann gegnir í dag. Á árunum 2007 og 2010 sinnti Tómas kennslu í alþjóðastjórn málum við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands og hafði umsjón með lokaverkefnum í BS-námi.

Tómas hefur gengt ýmsum ábyrgðarstörfum. Hann var meðal annars varaformaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins á tímabilinu janúar til maí 2015, sat í sérfræðingahóp um verðtryggingu sem skilaði skýrslu árið 2014, sat í nefnd sem vann frumvarp til laga um sameiningu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, situr fyrir hönd stjórnvalda í

Economic Policy Committee hjá OECD og kjördæmisráði Norðurlandanna og Eyrstrasaltsríkja hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Með umsókn Tómasar fylgdi ferilskrá með upplýsingum um menntun hans og starfsferil, auk bréfs þar sem hann tilgreinir þekkingu sína og hæfni og ástæður þess að hann sækist eftir starfinu.

Yngvi Örn Kristinsson er fæddur árið 1956. Hann lagði stund á hagfræði og stærðfræði við Háskólann í Gautaborg á árunum 1976 og 1977, lauk BA í hagfræði við háskólann í Essex árið 1979 og M.Sc. námi í hagfræði við London School of Economics árið 1980. Yngvi hefur setið námskeiðin Financial Programming and Policy hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum árið 1986, peningamálastjórn, afleiðum og áhættustýringu hjá Seðlabanka Sviss árið 1995, opnar markaðsaðgerðir hjá Seðlabanka New York árið 1999 og peningamálastjórn hjá Seðlabanka Englands árið 2000.

Yngvi hóf störf hjá Seðlabanka Íslands árið 1980 og starfaði þar til aldamóta, fyrst sem sérfræðingur í hagfræðideild bankans. Árið 1987 var hann ráðinn sem forstöðumaður tölfræði og rannsókna bankans til ársins 1993 þegar hann varð forstöðumaður tölfræðisviðs bankans. Á árunum 1994 til 2000 var Yngvi framkvæmdastjóri peningamálasviðs Seðlabanka Íslands með setu í bankaráði. Hann varð bankastjóri Bunadarbanki International S.A. í Lúxemborg árið 2000 en flutti sig um set innan bankans ári síðar og tók við starfi framkvæmdastjóra verðbréfasviðs Búnaðarbanka Íslands. Því starfi gegndi hann til ársins 2003 þegar hann tók við starfi framkvæmdastjóra verðbréfasviðs Landsbanka Íslands. Á árunum 2008 til 2009 var Yngvi yfirmaður hagfræðideildar Landsbankans NBI. Yngvi starfaði sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi á árunum 2009 til 2011 þegar hann var ráðinn hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja, sem hann gegnir í dag. Á árunum 1983 til 1993 sinnti Yngvi kennslu í menntaskólum og Háskóla Íslands í hagfræði og stærðfræði.

Yngvi hefur setið í ýmsum opinberum nefndum og komið að samningu lagafrumvarpa er varða málefni fjármálamarkaðar. Yngvi var formaður Sambands íslenskra bankamanna á árunum 1989 til 1991, stjórnarformaður Húsnæðisstofnunar ríkisins á árunum 1989 til 1992 og hefur setið í stjórn Reiknistofu bankanna, Norræna bankamannasambandsins, Verðbréfasráningar Íslands, Kauphallar Íslands og Landsbanka Luxembourg SA. Hann var fulltrúi Íslands í Efnahagsnefnd EFTA á árunum 1987 til 2000. Þá hefur hann tekið að sér ráðgjafarstörf fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn vegna stjórnar peningamála í Jórdaníu, Malaví, Túrkménistan, Trinídad og Tóbagó, Palestínu og Zimbabve.

Með umsókn Yngva fylgdi starfsferilskrá með upplýsingum um menntun hans, starfsferil, umfangsmikil nefndastörf og yfirlit yfir ritstörf. Þá fylgdi umsókninni bréf þar sem farið er nánar yfir starfsferil hans og ástæðu þess að hann sækist eftir starfinu.

5. Mat á hæfni umsækjenda

Í þessum kafla verður lagt mat á hæfni umsækjenda og þeir flokkaðir eftir þeim atriðum sem tilgreind eru í 4. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2019, 6. gr. laga nr. 70/1996, auglýsingu og skipunarbréfi nefndarinnar. Þau atriði eru háskólapróf sem nýtist í starfi, víðtæk þekking

á fjármálastarfsemi, viðtæk reynsla af fjármálastarfsemi, þekking á helstu viðfangsefnum á sviði fjármálastöðugleika, þekking á laga og regluumhverfi á sviði fjármálastöðugleika, færni til að tjá sig skipulega í ræðu og riti bæði á íslensku og ensku, reynsla af alþjóðlegu samstarfi, reynsla af stjórnun og hæfileikar á því sviði og hæfni í mannlegum samskiptum.

Engar upplýsingar hafa komið fram um að umsækjendur uppfylltu ekki almenn skilyrði 6. gr. laga nr. 70/1996 eða skilyrði 4. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2019 um lögræði, gott orðspor og forræði á búi sínu og taldi nefndin ekki tilefni til að leggja sérstakt mat á það að öðru leyti en því að óska eftir því að umsækjendur legðu fram vottorð úr vanskilaskrá í viðtali og svöruðu beint spurningum um heilsufar og orðspor.

Spurningalistann auk texta og mynda sem lagður var fyrir umsækjendur í viðtali er að finna í viðauka.

Við mat á reynslu og þekkingu umsækjenda hafði nefndin að leiðarljósi verkefni varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika eins og þeim er lýst í lögum nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands. Samkvæmt þeim mun varaseðlabankastjóri eiga sæti í peningastefnunefnd, fjármálaeftirlitsnefnd og fjármálastöðugleikanefnd, og vera staðgengill seðlabankastjóra í þeirri nefnd. Fjármálastöðugleikanefnd mun hafa það verkefni að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika, fjalla um og skilgreina þær aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar á hverjum tíma til að hafa áhrif á fjármálakerfið, samþykkja stjórnvaldsfyrirmæli og taka þær ákvarðanir sem henni er falið að taka með lögum og ákveða hvaða eftirlitsskyldu aðilar, innviðir og markaðir skuli teljast kerfislega mikilvægir og þess eðlis að starfsemi þeirra geti haft áhrif á fjármálastöðugleika, sbr. 13. gr. laganna.

Nefndinni var falið að meta umsækjendur miðað við fjóra hæfnisflokka eftir því hvort umsækjandi telst vera ekki hæfur, hæfur, vel hæfur og mjög vel hæfur.

Nefndin skilgreindi viðmiðanir fyrir hvern hæfnisþátt sem lágu til grundvallar mati hennar auk þess sem frammistaða í viðtali hafði áhrif á mat hennar.

5.1 Háskólapróf sem nýtist í starfi.

Meistaragráða: umsækjandi telst hæfur.

Meistaragráða tengd fjármálum eða hagfræði eða doktorsgráða á öðru sviði en fjármálum og hagfræði: umsækjandi teljast vel hæfur.

Doktorsgráða tengd hagfræði eða fjármálum: umsækjandi telst mjög vel hæfur.

Samkvæmt 2. málslíð 3. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2019 skal varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi. Frekari leiðbeiningar um um inntak menntunarkröfu er hvorki að finna í lögnum né lögskýringargögnum. Við samanburðarmat á menntun umsækjenda leit nefndin svo á að þeir umsækjendur sem lokið hafa meistaragráðu tengdri fjármálum eða hagfræði teldust vel hæfir. Ásdís Kristjánsdóttir, Gunnar Jakobsson, Krístrún Heimisdóttir, Óttar Guðjónsson, Tómas Brynjólfsson og Yngvi Örn Kristinsson teljast því vel hæf. Arnar Bjarnason, Guðrún Johnsen og Jón Þór Sturluson hafa öll lokið doktorsprófi í hagfræði eða fjármálum og teljast því mjög vel hæf.

5.2 Þekking af fjármálastarfsemi

Grunnþekking á fjármálastarfsemi: hæfur.

Námskeið, löggilding, viðbótarmenntun, stjórnarseta og fleiri svið: vel hæfur.

Fjölþætt viðbótarkerking: mjög vel hæfur.

Samkvæmt 2. málslíð 3. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2019 skal varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi. Nefndin taldi tilefni til að skipta þessum líð í tvo í ljósi þess að hægt er að öðlast þekkingu á fjármálastarfsemi án þess að hafa reynslu á því sviði. Við mat á þekkingu horfði nefndin til viðbótarmenntunar umsækjenda, kennslustarfa, stjórnarsetu og löggildinga og annarra starfsleyfa sem þeir höfðu aflað sér. Með hliðsjón af því telur nefndin Krístrúnu Heimisdóttur hæfa, Arnar Bjarnason vel hæfan og Ásdísi Krístjánsdóttur, Guðrúnu Johnsen, Gunnar Jakobsson, Jón Þór Sturluson, Óttar Guðjónsson, Tómas Brynjólfsson og Yngva Örn Krístinsson mjög vel hæf.

5.3 Reynsla af fjármálastarfsemi

Umsækjandi hafi 3-5 ára reynslu á/af fjármálamarkaði: hæfur.

Umsækjandi hafi 5-10 ára reynslu á/af fjármálamarkaði auk starfsreynslu erlendis frá: vel hæfur.

Umsækjandi hafi 10 ára reynslu eða meira á/af fjármálamarkaði, þar af víðtæk erlend starfsreynsla: mjög vel hæfur.

Við mat á reynslu umsækjenda af fjármálastarfsemi horfði nefndin til árafjölda þeirrar reynslu sem umsækjendur tilgreindu í umsókn sinni. Niðurstaða nefndarinnar var að undir þessum líð teljist Ásdís Krístjánsdóttir og Krístrún Heimisdóttir vera hæf, Arnar Bjarnason, Guðrún Johnsen, Jón Þór Sturluson og Tómas Brynjólfsson vel hæf. Gunnar Jakobsson hefur starfað hjá alþjóðlegum fjárfestingabanka í 19 ár og gegnt stjórnunarstöðum þar nær allan tímann. Gunnar Jakobsson telst mjög vel hæfur. Óttar hefur starfað í fjármálafyrirtækjum frá árinu 1992 og þar af í nokkur ár erlendis og telst því mjög vel hæfur. Yngvi Örn Krístinsson hefur unnið hjá fjármálafyrirtækjum frá árinu 1980, gengt stöðu bankastjóra, setið í ýmsum opinberum nefndum og komið að samningu lagafrumvarpa er varða málefni fjármálamarkaðar. Yngvi Örn Krístinsson telst því mjög vel hæfur.

5.4 Þekking á helstu viðfangsefnum á sviði fjármálastöðugleika

Almenn þekking á viðfangsefnum fjármálastöðugleika áunnin með reynslu eða menntun: hæfur.

Unnið beint með viðfangsefni á sviði fjármálastöðugleika í 1-5 ár: vel hæfur.

Unnið beint með viðfangsefnið í meira en 5 ár: mjög vel hæfur.

Jafnframt var tekið mið af frammistöðu í viðtali vegna þessa liðar.

Þegar viðfangsefni á sviði fjármálastöðugleika eru afmörkuð má meðal annars horfa til laga nr. 64/2014 um fjármálastöðugleikaráð og þeirra verkefna sem ráðinu er falið að lögum að sinna. Af þeim má ráða að verkefni á sviði fjármálastöðugleika séu að greina þá áhættuþætti sem geta haft neikvæð áhrif á starfsemi fjármálakerfisins og stuðla að því að kerfið hafi þann viðnámsþrótt sem til þarf til að áföll og ójafnvægi leiði ekki til verulega neikvæðra áhrifa á miðlun fjármagns, greiðslumiðlun eða áhættudreifingu. Sjónarhorn fjármálastöðugleika er þjóðhagsvarúð, þ.e. heildareftirlit með fjármálakerfinu, samspili þeirra sem mynda kerfið og tengsl fjármálakerfisins við raunhagkerfið. Til þess að koma auga á áhættuþætti sem hafa þýðingu fyrir fjármálastöðugleika þarf meðal annars að hafa yfirsýn yfir starfsemi, viðnámsþrótt og veikleika í rekstri hjá kerfislega mikilvægum aðilum á fjármálamarkaði. Viðkomandi þarf að átta sig á samspili lánastofnana og annarra aðila á fjármálamarkaði, auk lífeyrissjóða, til dæmis með tilliti til þess hvort strangar eftirlitskröfur á einum stað í fjármálakerfinu leiði til þess að áhætta minnki ekki heldur færist til innan kerfisins. Þá þarf viðkomandi að hafa innsýn í starfsemi kerfislega mikilvægra fjármálainniðnaða og hvaða þýðingu hnökralaus virkni þeirra hefur fyrir fyrirtæki og heimili í landinu sem og nýjungar og þróun sem getur haft áhrif fyrir fjármálakerfið allt. Til að bregðast við áhættu þarf viðkomandi þekkingu á eðli og tilgangi þjóðhagsvarúðartækja sem hafa verið tekin upp hér á landi og erlendis, yfirsýn yfir tæki sem eru í þróun hverju sinni, til dæmis hjá Evrópusambandinu, og hæfni til þess að meta hvort tiltæk úrræði séu nægjanleg eða hvort annarra aðgerða sé þörf.

Með hliðsjón af framangreindu metur nefndin Arnar Bjarnason og Krístrúnu Heimisdóttur hæf, Óttar Guðjónsson vel hæfan og Ásdís Kristjánsdóttir, Guðrúnu Johnsen, Gunnar Jakobsson, Jón Þór Sturluson, Tómas Brynjólfsson og Yngvi Örn Kristinsson öll mjög vel hæf.

5.5 Þekking á laga- og regluumhverfi á sviði fjármálastöðugleika

Almenn þekkingu á fjármálastöðugleika áunnin með reynslu eða menntun: hæfur.

Unnið í lagaumhverfi fjármálastöðugleika að hluta í að minnsta kosti 3-5 ár: vel hæfur.

Víðtæk þekking á lagaumhverfi fjármálastöðugleika: mjög vel hæfur.

Jafnframt var tekið mið af frammistöðu í viðtali vegna þessa liðar.

Á undanförunum árum hafa verið lögfestar heimildir til beitingar nokkurra þjóðhagsvarúðartækja á Íslandi. Í viðtali voru umsækjendur sérstaklega beðnir um að ræða um stöðuna á beitingu þjóðhagsvarúðartækja hér á landi og m.a. hvaða tæki hefðu þegar verið tekin í notkun og jafnframt að lýsa skoðun sinni á því hvernig þau hafi reynst.

Með hliðsjón af framangreindu metur nefndin Arnar Bjarnason og Krístrúnu Heimisdóttur hæf og Óttar Guðjónsson vel hæfan. Aðrir umsækjendur, þau Ásdís Kristjánsdóttir, Guðrún Johnsen, Gunnar Jakobsson, Jón Þór Sturluson, Tómas Brynjólfsson og Yngvi Örn

Kristinsson sýndu ótvírætt fram á víðtæka þekkingu á lagaumhverfinu og teljast því mjög vel hæfir.

5.6 Tjáning í ræðu og riti

Varðandi tjáningu í ræðu var stuðst við fjóra flokka,

Viðunandi færni/reynsla í ræðu á báðum tungumálum: hæfur.

Mikil færni og víðtæk reynsla á ensku eða íslensku: vel hæfur.

Mikil færni/víðtæk reynsla á ensku og íslensku: mjög vel hæfur.

Jafnframt var tekið mið af frammistöðu í viðtali vegna þessa liðar.

Lagt var mat á færni umsækjenda til að tjá sig skipulega í ræðu og riti bæði á íslensku og ensku með því að leggja fyrir þá spurningar á ensku, þar sem þeir voru beðnir að svara þeim á ensku og túlka það og ræða sem fyrir þá var lagt.

Arnar Bjarnason Ásdís Kristjánsdóttir og Krístrún Heimisdóttir töldust vel hæf. Mjög vel hæf töldust Guðrún Johnsen, Gunnar Jakobsson, Jón Þór Sturluson, Óttar Guðjónsson Tómas Brynjólfsson og Yngvi Örn Kristinsson, sem áttu öll mjög auðvelt með að tjá sig um viðfangsefnin bæði á ensku og íslensku og réðu vel yfir sérhæfðum orðaforða.

Varðandi tjáningu í riti var eftirfarandi til grundvallar

Viðunandi færni/reynsla í riti á báðum tungumálum: hæfur.

Mikil færni/reynsla á ensku eða íslensku: vel hæfur.

Mikil færni/reynsla á ensku og íslensku: mjög vel hæfur.

Litið var til þess hversu margar greinar eða efni umsækjendur höfðu birt, opinber erindi og annað er umsækjendur tiltóku í ferilskrá eða í viðtali.

Samkvæmt framansögðu telst Óttar Guðjónsson vel hæfur. Aðrir umsækjendur teljast mjög vel hæfir, þ.e. Arnar Bjarnason Ásdís Kristjánsdóttir, Guðrún Johnsen, Gunnar Jakobsson, Krístrún Heimisdóttir, Jón Þór Sturluson, Tómas Brynjólfsson og Yngvi Örn Kristinsson.

5.7 Reynsla af alþjóðlegu samstarfi

Þátttaka í erlendu samstarfi fyrir hönd Íslands/fyrirtækis/stofnunar: hæfur.

Reynsla erlendis í alþjóðlegu samstarfi/rekstri sem tengist beint viðfangsefninu: vel hæfur.

Víðtæk erlend reynsla og forsvar í alþjóðlegu samstarfi/rekstri sem tengist viðfangsefninu: mjög vel hæfur.

Allir umsækjendur hafa einhverja reynslu af alþjóðlegu samstarfi og teljast því hæfir. Eftir að nefndin hafði gert samanburðarmat á hæfni umsækjenda í þessum flokki var það niðurstaða hennar að Arnar Bjarnason, Ásdís Kristjánsdóttir og Krístrún Heimisdóttir hefðu minni reynslu af alþjóðlegu starfi en aðrir umsækjendur. Teljast þau því hæf. Jón Þór Sturluson hefur reynslu af alþjóðlegu samstarfi í gegnum störf sín fyrir Fjármálaeftirlitið auk þess að hafa lagt stund á doktorsnám erlendis. Jón Þór Sturluson og Óttar Guðjónsson, sem starfaði erlendis hjá alþjóðlegum fyrirtækjum á árunum 1997 til 2001, teljast því vel hæfir. Gunnar Jakobsson, Guðrún Johnsen, Tómas Brynjólfsson og Yngvi Örn Kristinsson hafa öll víðtæka erlenda reynslu og hafa verið í forsvari í alþjóðlegu samstarfi eða rekstri sem tengist viðfangsefninu. Þau teljast því mjög vel hæf.

5.8 Reynsla af stjórnun og hæfileikar á því sviði

Mannaforráð og rekið/borið ábyrgð á málaflökki: hæfur.

Mannaforráð og rekið/borið ábyrgð á stofnun/fyrirtæki eða deild með a.m.k. 20 starfsmönnum: vel hæfur.

Mannaforráð og rekið/borið ábyrgð á stærri stofnun/fyrirtæki eða deild í umtalsverðan tíma og sýnt fram á sérstakan árangur: mjög vel hæfur.

Mat á stjórnunarhæfileikum og reynslu umsækjenda byggir á þeim upplýsingum sem fram koma í umsóknargögnum og því sem fram kom í viðtölum við umsækjendur. Spurt var um reynslu umsækjenda af stjórnun og umfang þeirra mannaforráða sem þeir höfðu haft.

Byggt á þessu mat nefndin þau Ásdísi Kristjánsdóttur, Guðrúnu Johnsen, Jón Þór Sturluson, Óttar Guðjónsson og Tómas Brynjólfsson hæf. Vel hæf eru Arnar Bjarnason, Krístrún Heimisdóttir og Yngvi Örn Kristinsson.

Gunnar Jakobsson er mjög vel hæfur, en hann hefur afgerandi mesta stjórnunarreynslu allra umsækjenda.

5.9 Hæfni í mannlegum samskiptum

Samskiptahæfni var einkum metin í frammistöðu í viðtali. Tvennt var þar lagt til grundvallar; annars vegar var sérstök spurning um hvernig umsækjandi hafði tekist á við krefjandi aðstæður á starfsferli sínum og hins vegar hvernig umsækjandi virtist hafa búið sig undir viðtalið.

Byggt á þessu mat nefndin Krístrúnu Heimisdóttur hæfa. Arnar Bjarnason var metinn vel hæfur. Aðrir umsækjendur voru metnir mjög vel hæfir. Það eru þau Ásdís Kristjánsdóttir, Guðrún Johnsen, Gunnar Jakobsson, Jón Þór Sturluson, Óttar Guðjónsson, Tómas Brynjólfsson og Yngvi Örn Kristinsson.

6. Niðurstaða hæfnisnefndar

Með skírskotun til alls þess sem að framan greinir og að teknu tilliti til allra þátta í matsferlinu, m.a. auglýsingar um embættið, þeirra upplýsinga sem fram koma í umsóknargögnum, viðtali við umsækjendur og athugasemda þeirra við drög að greinargerð er það niðurstaða nefndarinnar að Gunnar Jakobsson, Guðrún Johnsen, Jón Þór Sturluson, Tómas Brynjólfsson og Yngvi Örn Kristinsson standi öðrum umsækjendum framar og teljist öll mjög vel hæf til að gegna embætti varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika. Nefndin vill vekja sérstaklega athygli á því að Gunnar Jakobsson var metinn mjög vel hæfur á fleiri matsþáttum en aðrir mjög vel hæfir umsækjendur.

Þá er það niðurstaða nefndarinnar að Ásdís Kristjánsdóttir og Óttar Guðjónsson séu vel hæf til að gegna embætti varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika og Arnar Bjarnason og Krístrún Heimisdóttir teljist hæf til að gegna embættinu.

Reykjavík 16. desember 2019



Ásta Dís Óladóttir



Vilhjálmur Egilsson



Jacqueline Clare Mallett

Viðauki

Spurningar í viðtölum ásamt texta og myndum – 5. desember 2019

1. Í nýjum lögum um Seðlabanka Íslands og auglýsingu um embætti varaseðlabankastjóra er gerð krafa um gott orðspor. Eru einhver atvik eða atburðir (þ.m.t. framganga á samfélagsmiðlum) sem þú telur ástæðu til að upplýsa um vegna þessarar hæfniskröfu?
2. Hver er stærsti hópurinn sem þú hefur stýrt? Hefur þú þurft að ráða fólk eða segja því upp?
3. Við viljum biðja þig um að ræða stuttlega um stöðuna á beitingu þjóðhagsvarúðartækja á Íslandi (þ.e. hvaða tæki hafa þegar verið tekin í notkun og álit þitt á því hvernig þau hafa reynst).
4. Í inngangsorðum í 3. kafla GFSR 2019 er þessi umfjöllun (umsækjendum afhentur þessi texti á blaði). Gætir þú tjáð þig á ensku um þennan texta í alþjóðlegu og íslensku samhengi með tilliti til viðfangsefna varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika?
5. Í nýju riti Seðlabankans um Fjármálastöðugleika (bls. 29) er umfjöllun um erlenda fjármögnun banka og endurfjármögnun/uppgreiðslu þeirra lána sem þeir hafa tekið. Getur þú tjáð þig á ensku um þetta mál og hugsanlega þýðingu þess fyrir fjármálastöðugleika á næstu árum?
6. Í nýju riti Seðlabankans um Fjármálastöðugleika (okt 2019) er þessi mynd sem lýsir arðsemi íslenskra banka. Hvernig telur þú að bankakerfið muni þróast m.t.t. þessara upplýsinga og er ástæða til að ætla að sú þróun hafi áhrif viðfangsefni varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika?
7. Getur þú nefnt dæmi af krefjandi aðstæðum þegar þú varst í forsvari fyrir máli/stofnun þurftir að tala fyrir hugmynd eða leið sem þú varst ekki endilega sammála en þurfti að fá hóp með þér í ákveðna átt? Hvaða aðferðum beittir þú til að fá fólk með þér?
8. Við viljum spyrja um heilsufarsleg atriði samanber lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Er eitthvað á því tengt sem þú telur ástæðu til að nefna?

Texti með spurningu 4 úr inngangsorðum í 3 kafla Global Financial Stability Report
frá IMF frá því í október 2019:

Lower-for-longer yields may prompt institutional investors to seek riskier and more illiquid investments to earn their targeted return. This increased risk-taking may lead to a further buildup of vulnerabilities among investment funds, pension funds, and life insurers, with grim implications for financial stability. Furthermore, institutional investors' strategies to search for yield may introduce additional risks. Low yields promote an increase in portfolio similarities among investment funds, which may amplify market sell-offs in the event of adverse shocks. The need to satisfy contingent calls arising from pension funds' illiquid investments could constrain the traditional role they play in stabilizing markets during periods of stress. High-return guarantees and duration mismatches are driving an increase in cross-border investments by some life insurers, which could facilitate the spillover of shocks across borders. The underlying vulnerabilities could amplify shocks and should therefore be closely monitored and carefully managed.

Texti með spurningu 5 af bls. 29 í 3 kafla úr skýrslunni Financial Stability frá Seðlabanka Íslands frá því í október 2019:


Foreign refinancing risk on the rise

The net increase in the banks' foreign funding in the first eight months of the year totals 43 b.kr. In April, Íslandsbanki paid about 40 b.kr. towards a eurobond that matures next year. Some of this increase has been used to grant foreign-denominated loans, although the banks have also increased their foreign liquid assets. The banks' foreign-denominated loans amounted to just under 69% of their foreign funding at the end of June. Their net stable funding ratio (NSFR) in foreign currencies was 161% at the end of August and has been relatively stable for the past twelve months. In July, rating agency Standard & Poor's affirmed the banks' credit ratings but changed the outlook from stable to negative.

Next year, foreign-denominated bonds issued by the D-SIBs will mature in the amount of 137 b.kr. This is equivalent to 22% of their foreign market funding and 3.6% of their balance sheet as of end-August. The following two years will see large maturities as well, with 150 b.kr. maturing in 2021 and 140 b.kr. in 2022. With increased foreign market funding, the banks are more dependent on foreign market conditions than before. Based on the end-August position, not all of the banks have enough liquidity buffers to pay off their 2020 maturities without pushing their overall liquidity ratio below the Central Bank minimum.

Chart III-13

D-SIB: Foreign bonds by maturity¹




¹ At 31.8 2019 exchange rate.
Source: Nerdiaq Iceland.

Mynd með spurningu 6 úr riti Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika frá því í október 2019:

Arðsemi eigin fjár

Meðaltal af hlutföllum



- KMB
- Norrænir bankar af svipaðri stærð og KMB
- Stórir norrænir bankar
- Stórir evrópskir bankar

Heimild. S&P Global Market Intelligence.